

Mánudaginn 27. nóvember 1989.

Nr. 445/1989. **Hótel Örk hf.**

gegn

Sigríði Grímsdóttur.

Kærumál. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. nóvember sl. samkvæmt heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur, upp kveðinn 23. október 1989. Úrskurðurinn er án forsendna samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, en úrskurðarorð er svohljóðandi: „Gerðarbeiðandi í máli þessu, Sigríður Grímsdóttir, kt. 160161-2649, Vesturbergi 78, Reykjavík, þarf ekki að sæta ábendingu gerðarþola, Hótel Arkar hf., kt. 420288-1749, Hveragerði, á lausafé samkvæmt fram lögðum lista á dskj. nr. 5 til tryggingar löghaldskröfu sinni. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 40.000,00 kr. í málskostnað.“

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að taka til greina bendingu hans á fjármuni til kyrrsetningar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Júlíus Guðmundsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, sem kvað upp hinn kærða úrskurð, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Hljóða athugasemdirnar svo:

„Með beiðni, dagsettri 16. ágúst 1989, fór Atli Gíslason hrl. f.h. Sigríðar Grímsdóttur, kt. 160161-2649, þess á leit við fógetarétt Reykjavíkur, að kyrrsettar yrðu eignir Hótel Arkar hf., kt. 420288-1749, Hveragerði, til tryggingar kröfu, að fjárhæð 74.464,00 kr., auk þar tilgreindra dráttarvaxta og kostnaðar.

Er mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 4. september

sl., var þar fyrir hönd gerðarþola Pétur Þór Sigurðsson hdl., og kvaðst hann fallast á, að málið yrði rekið fyrir fógetarétti Reykjavíkur, og óskaði jafnframt eftir fresti til að leggja fram lista yfir þá lausafjármuni, sem hann vildi benda á til tryggingar löghalds-kröfunni. Var málinu þá frestað til 13. september sl. Í réttarhaldi þann dag lagði lögmaður gerðarþola fram áðurnefndan lista. Lögmaður gerðarbeiðanda hafnaði með öllu ábendingu gerðarþola í það lausafé, sem upp er talið á listanum, og tók fram, að þrotabú Helga Þórs Jónssonar, nnr. 5143-0263, hefði þegar rift kaupsamningi, dagsettum 2. febrúar 1988, milli þrotabúsins og Hótel Arkar hf., en lausafé það, sem lögmaður gerðarþola bendi á til tryggingar kröfunni, sé hluti af þeim kaupsamningi. Máli sínu til stuðnings lagði lögmaður gerðarbeiðanda fram réttarstefnu, út gefna í maí 1989 af sýslumanninum í Árnæssýslu, þar sem þrotabú Helga Þórs Jónssonar gerir þá kröfu m.a., að viðurkennd verði með dómi riftun á kaupsamningi, dagsettum 2. febrúar 1988, milli Helga Þórs Jónssonar og Hótel Arkar hf., um kaup hins síðarnefnda á innbúi Hótel Arkar, einkafirma Helga Þórs Jónssonar. Þá lagði lögmaður gerðarbeiðanda enn fremur fram endurrit úr dómabók Árnæssýslu í innsetningarmálinu E-2/1989, Hótel Örk hf. gegn Framkvæmdasjóði Íslands, þar sem hafnað var kröfu Hótel Arkar hf. um innsetningu í lausafé það, sem um er deilt í máli þessu. Í framhaldi af þessu óskaði lögmaður gerðarþola eftir fresti til að skila greinargerð um þetta ágreiningsefni. Var málinu því frestað til 26. september sl. Þegar málið var síðan tekið fyrir þann dag, lagði lögmaður gerðarþola fram greinargerð, kaupsamning milli Helga Þórs Jónssonar sem seljanda og Hótel Arkar hf. sem kaupanda um allt það lausafé, sem fánlegt sé í fasteign seljanda að Breiðumörk 1 C, Hveragerði, og afsal vegna áðurgreinds lausafjár. Í framhaldi af þessu óskaði lögmaður gerðarbeiðanda eftir því, að bókað yrði, að enginn ágreiningur væri um það, að gerðarþoli hefði ekki vörslur þess lausafjár, sem bent væri á til tryggingar löghalds-kröfunni. Var málinu því næst frestað til munnlegs flutnings, sem fram fór 11. október 1989. Málið var tekið til úrskurðar og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

„Gerðarbeiðandi í máli þessu, Sigríður Grímsdóttir, kt. 160161-2649, Vesturbergi 78, Reykjavík, þarf ekki að sæta ábendingu

gerðarpóla, Hótel Arkar hf., kt. 420288-1749, Hveragerði, á lausafé samkvæmt fram lögðum lista á dskj. nr. 5 til tryggingar löghaldskröfu sinni.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 40.000,00 kr. í málskostnað.“

Þennan úrskurð kærði síðan lögmaður gerðarpóla til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 7. nóvember sl.

Í hinum kærða úrskurði lagði fógæti þær forsendur til grundvallar, að gerðarbeiðanda hefði tekist að sýna fram á, að verulegur vafi léki á um eignarrétt gerðarpóla að þeim munum, sem hann hefur bent á til tryggingar löghaldskröfu gerðarbeiðanda, og að það gæti ekki verið gerðarbeiðanda að meinalausu að þurfa að sæta þessari ábendingu, eins og málum er háttað, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.“

II.

Í máli þessu leikur verulegur vafi á um eignarrétt sóknaraðila að munum þeim, sem hann hefur bent á til tryggingar löghaldskröfu varnaraðila. Verður að telja, að það sé varnaraðila ekki að meinalausu að þurfa að sæta þessari ábendingu sóknaraðila. Hinn kærði úrskurður er því staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaður verður ekki ákveðinn sérstaklega í þessum þætti fógætamálsins.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaðarákvæði hans er felld niður.

Sóknaraðili, Hótel Örk hf., greiði varnaraðila, Sigríði Grímsdóttur, 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.